

3 Svefnherbergi Einbýlishús in Villamartin

Ref: V373

432.000€



Tegund eignar : Einbýlishús

Bæjarfélag / Hverfi :
Villamartin

Izona : Costa Blanca Sur

Svefnherbergi : 3

Baðherbergi : 2

Byggingarár : 2023

Sundlaug : Einka

Garður : Já

Eignin snýr : til suðurs

Útsýni : Yfir sundlaugarsvæði og garð

Bílastæði : Einkabílastæði á lóð

Fermetra stærð eignar : 89,44 m²

Stærð lóðar : 200 m²

Stærð þaksvala : 75,09 m²

Flugvöllur : 40 min

Strönd : 8 min

Golf : 5 min

- ✓ Kjallari
- ✓ Innbyggð loftkæling

- ✓ Þaksvalur

- ✓ Heimilistæki

Þetta fallega einbýlishús er staðsett á mjög vinsælu svæði á Costa Blanca strandlengjunni, eða í hverfinu Villamartín þaðan sem stutt er í alla þjónustu og hinna glæsilegu Zenia Boulevard verslunarmiðstöð. Húsið er 89,44m² með 3 svefnherbergjum og 2 baðherbergjum glæsilegum 75,09m² þaksvölum með fallegu útsýni, sér garður með sundlaug og sér bílastæði. Gæða heimilistæki fylgja einnig.

Möguleiki er að fá þetta hús með rúmgóðum kjallara þar sem býður upp á margskonar möguleika en þar væri hægt að koma fyrir 2 svefnherbergjum og 2 baðherbergjum, útbúa líkamsræktar aðstöðu, tómstundarherbergi eða vinkjallara. Erum með mikið úrval einbýlishúsa á þessum sama stað.

Einungis 5 mínútna keyrsla er á 18 holu golfvöllinn Villamartín, þar sem njóta má óviðjafnanlegs útsýnis hvort sem er við að iðka golf íþróttina eða tylla sér á fallegan útsýnisbar og njóta þess að hlusta á fagur litaða páfagaukana kvaka allan ársins hring.

Fyrir náttúru unnenndur er jafnframt vinsælt að labba eða hjóla eftir vatnssíkinu "el canal" sem liggur sem landamerki nálægt húsinu, en þar er að finna mikið fuglalíf og hægt að fara í skemmtilegar göngu- eða hjólaferðir meðfram skurðinum til nærliggjandi bæja, án þess að fara út á götu og alltaf umlukin fallegri náttúru.

Auk þess er Zenia Boulevard verslunarmiðstöðin skammt frá, þar sem þín bíður mikið úrval verslana í yfir 80.000 m² verslunarhúsnæði, að ógleymdir heilbrigðisþjónustu hins margrómaða Torre Vieja spítala sem er í 15 mínútna ökufjarlægð að heiman. Og fyrir sólarunnenndur þá ertu í einungis nokkurra mínútna ökufjarlægð frá kílómetra löngum breiðum af fín sendnum ströndum sem hafa fengið vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans Endilega hafðu samband til að fá meiri upplýsingar um þessa glæsilegu eign!